

4. gr.

Skoðunarmönnum er heimilt að innheimta kr. 2 500.00 hjá umbiðjanda vottorða vegna endurgreiðslu tolla.

5. gr.

Reikningar.

Skipaskoðunarmenn skrifi reikninga fyrir störf sín í fjórriti, í þar til gerðar bækur, sem siglingamálastjóri lætur þeim í té.

Laun samkvæmt 1. gr., skulu sýslumenn eða bæjarfógetar greiða gegn frumriti og einu afriti, en siglingamálastjóra sent annað afrit ásamt skoðunarskýrslu.

Laun samkvæmt 2. og 3., gr. greiðir Siglingamálastofnun ríkisins gegn reikningi skoðunarmanns í tvíriti og skoðunarskýrslu.

Reglugerð þessi, um laun fyrir skoðun á skipum, sem framkvæmd er af hinum lögskipuðu skoðunarmönnum, sem ekki taka föst laun úr ríkissjóði, er hér með sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 51 12. maí 1970, um Siglingamálastofnun ríkisins, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 168 31. mars 1977, um laun skipa-skoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

Samgönguráðuneytið 27. ágúst 1979.

Ragnar Arnalds.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ**um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum.**

1. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum með 200 íbúa og fleiri skulu vegir og götur teljast þjóðvegir samkvæmt 30. gr. vegalaga nr. 6/1977 svo sem hér segir (númer þjóðvegjar er tilgreint í sviga eftir því sem við á).

Vík í Mýrdal:

Suðurlandsvegur (1) frá ristarhliði, norðan gatnamóta upp á Reynisfjall, að söluskála Kaupfélags Vestur-Skaftfellinga. Víkurbraut frá Suðurlandsvegi (1) austan víkurár að verslunarhúsum VVS.

Hvolsvöllur:

Suðurlandsvegur (1) frá Hvolsgötu að Hlíðarvegi. Fljótshlíðarvegur (261) frá Suðurlandsvegi (1) um Hlíðarveg að læk austan sýslumannsbústaðar.

Hella:

Þrúðvangur frá Suðurlandsvegi (1) norður fyrir hús Kaupfélagsins Þórs.

Vestmannaeyjar:

Skildingavegur frá Básaskersbryggju. Heiðarvegur, neðri hluti Strembugötu og Dalvegur að Smáragötu. Strandvegur frá Skildingavegi að Hlíðavegi (Stórhöfðavegi).

Stokkseyri:

Gaulverjabæjarvegur (33) frá Baldurshaga að Kaðalstöðum. Holtsvegur (314) frá Pálsbæ að Gaulverjabæjarvegi (33).

Eyrarbakki:

Álfsstétt frá Túngötu að Götunni.

Gatan frá Álfsstétt að Búðarstíg. Búðarstigur frá Götunni að Einarshafnarvegi. Einarshafnarvegur frá Búðarstíg að bryggju.

Selfoss:

Suðurlandsvegur (1) frá Ölfusárbrú um Austurveg að vegamótum Laugar-
dælavegar vestri. Eyrarbakkavegur (34) frá Suðurlandsvegi (1) um Eyrarveg að Fossheiði.

Hveragerði:

Breiðamörk frá Suðurlandsvegi (1) upp að Grýlu. Þelmörk frá Suðurlandsvegi (1) austur undir Varmá að Laufskógum.

Þorlákshöfn:

Þorlákshafnarvegur (38) frá fiskverkunarhúsi Glettings h.f., um Óseyrarbraut
að Egilsbraut. Egilsbraut frá Óseyrarbraut að syðri hafnargarði.

Grindavík:

Vikurbraut frá enda Grindavíkurvegur (43) við félagsheimilið Festi að kirkju.
Ránargata frá Vikurbraut að höfn. Austurvegur frá Ránargötu að Mánagötu.

Sandgerði:

Garðskagavegur (45) frá tengingu að bræðsluverksmiðju að Strandgötu, um
Strandgötu að enda Reykjanesbrautar (41).

Gerðar, Gerðahreppi:

Garðskagavegur (45) frá vegi að Réttarholti að Útgarðsvegi. Útgarðsvegur frá
Garðskagavegi (45) að vegamótum utan Hofa. Gerðavegur frá Garðskagavegi (45)
að hafnargarði.

Keflavík:

Reykjanesbraut (41) frá mörkum Njarðvíkurhrepps um Flugvallarveg. Hring-
braut og að mörkum 110 m norðan enda Hringbrautar. Hafnargata frá Flugvallar-
vegi að Vikurbraut. Vikurbraut frá Hafnargötu að hafnarvog.

Njarðvík:

Sjávargata frá Reykjanesbraut (41) að hafnargarði. Njarðvíkurbraut frá Innri-
Njarðvíkurvegi (422) að hafnargarði.

Vogar á Vatnsleysuströnd:

Hafnargata frá gatnamótum Vatnsleysustrandarvegur (420) og Vogavegar (421)
að hafnargarði.

Hafnarfjörður:

Reykjavíkurvegur frá Hafnarfjarðarvegi (40) í Engidal, Fjarðargata, Strandgata frá Fjarðargötu að Sniðgötu, Sniðgata, Suðurgata frá Sniðgötu að vegamótum við Reykjanesbraut (41) sunnan Hvaleyrarholts. Flatahraun milli Reykjavíkurvegar og Hafnarfjarðarveggar (40). Lækjargata milli Strandgötu og Hafnarfjarðarveggar (40).

Garðabær:

Vífilsstaðavegur (412) milli Hafnarfjarðavegar (40) og Reykjanesbrautar (41). Bæjarbraut milli Vífilsstaðavegar (412) og Arnarnesveggar (411).

Kópavogur:

Nýbýlavegur frá Hafnarfjarðarvegi (40) að Suðurhlíðarvegi. Suðurhlíðarvegur frá Nýbýlavegi að Reykjanesbraut (41).

Reykjavík:

Eiðsgrandi frá mörkum Seltjarnarneshrepps; Ánanaust; Hringbraut, Miklabraut og Vesturlandsvegur (1) að Höfðabakka; Kringlumýrarbraut frá Sætúni að Fossvogslæk; Sætún, Kleppsvegur, Elliðavogur og Reykjanesbraut (41) að Breiðholtsbraut; Fossvogsbraut frá Hringbraut við Sóleyjargötu, sunnan Öskjuhlíðar, um Fossvogsdal að Höfðabakka; Höfðabakki frá Vesturlandsvegi (1) að Breiðholtsbraut og Bæjarháls frá Höfðabakka að Tunguhálsi. Sóleyjargata, Fríkirkjuvegur, Lækjargata, Kalkofnsvegur.

Seltjarnarnes:

Norðurströnd og Suðurströnd frá upphafi við Eiðsgranda hringinn kringum byggðina að enda við Eiðsgranda.

Mosfellssveit:

Framhald Hafravatnsveggar (431) frá Vesturlandsvegi (1) til norðvesturs frá Þverholti, ofan Markholtshverfis og á fyrirhugaðan Þingvallaveg (36) við Leiruvog (nálægt Hrossatanga).

Akranes:

Kirkjubraut frá Akratorgi að gatnamótum Esjubrautar; Akursbraut, Esjubraut frá gatnamótum Kirkjubrautar að gatnamótum Kirkjugarðsveggar og Akrafjallsveggar.

Borgarnes:

Borgarnesbraut (531) frá tengingu í Sandvík um Borgarbraut og Brákarbraut að höfn í Brákarey.

Hellissandur og Rif:

Keflavíkurgata frá gatnamótum við Útnesveg (574) að enda hennar við Höskuldsá. Gata frá Útnesvegi (574) að Rifshöfn.

Ólafsvík:

Ólafsvíkurvegur (54) frá tengingu við Innra-Klif um Ólafsbraut og Ennisbraut vestur fyrir byggð. Ennfremur álma „Norðurtangi“ frá Ólafsbraut að efri enda Norðurgarðsbryggju.

Grundarfjörður:

Snæfellsnesvegur (57) frá því á mótum við innri hafnargarð um Grundargötu vestur fyrir byggð ásamt álmu að höfn um Hrannarstig.

Stykkishólmur:

Stykkishólmsvegur (58) frá vestari gatnamótum við Nesveg, um Aðalgötu og Hafnargötu að höfn.

Búðardalur:

Vestfjarðavegur (60) frá gatnamótum við mjólkurbú að gatnamótum 140 m norðan áhaldahúss Vegagerðar ríkisins og álma að höfn frá Vestfjarðarvegi að Kaupfélagshúsum.

Patreksfjörður:

Barðastrandarvegur (62) frá Bergsstöðum um brú á Mikladalsá, um Aðalstræti, Strandgötu og Þórsgötu að hafnarbakka í Patrekshöfn.

Tálknafjörður:

Tálknafjarðarvegur (617) (Strandvegur) frá innstu húsum í þéttbýlinu 170 m innan Geitár að ystu húsum í þéttbýlum 110 m innan við nýja brú á Hólsá.

Bíldudalur:

Ketildalavegur (619) frá vegamótum Bíldudalsvegar (63) við Litlu-Eyri um Dalbraut og Tjarnarbraut að Jaðri. Hafnarbraut að bryggju.

Þingeyri:

Vestfjarðavegur (60) frá mörkum 500 m austan vegamóta við Svalvogaveg (622). Svalvogavegur (622) frá vegamótum Vestfjarðavegar (60) um Fjarðargötu og Aðalstræti að Byggðarenda við Svalvogaveg (622) með álmu um Hafnarstræti út undir bryggju.

Flateyri:

Flateyrarvegur (64) frá vegamótum Eyrarhjallavegar um Hafnarstræti að bryggju.

Suðureyri:

Súgandafjarðarvegur (65) frá Höfða innan við syðsta hús um Aðalgötu út á móts við læk, sem rennur utan til við ysta hús kaupsinsins á svokölluðu Stekkjarnesi.

Bolungarvík:

Djúpvegur (61) frá gatnamótum um 330 m sunnan við Hólsá, um nýjan veg og brú yfir ána um Aðalstræti og Hafnarstræti og Hafnargötu niður á brimbrjót.

Ísafjörður:

Djúpvegur (61) frá tengingu við íþróttavöll um Sólgötu og Fjarðarstræti að húsinu nr. 13 við Hnífsdalsveg, ásamt álmu um Hafnarstræti og Aðalstræti að bátabryggju. Í Hnífsdalsbyggð; Djúpvegur (61) frá gatnamótum Dalbrautar um Strandgötu út fyrir Heimabæjarvör svo langt sem sjóvarnargarður nær (um 200 m).

Súðavík:

Djúpvegur (61) frá heimreið að Eyrardal um Aðalgötu að gatnamótum Túngötu, ásamt álmu að hafnargarði.

Hólmavík:

Hólmavíkurvegur (58) frá sýslumannsbústað um Hafnarbraut og Höfðaveg niður á bryggjutanga.

Hvammstangi:

Hvammstangavegur (72) frá gatnamótum við mjólkurstöð um Hvammstanga-
braut og Norðurbraut að Hvammavegi. Klapparstígur og Strandgata frá Hvammstanga-
braut að nyrðri hafnargarði.

Blönduós:

Norðurlandsvegur (1) frá Blöndubru á tengingu að áhaldahúsi V. r. Húnabraut
frá Norðurlandsvegi (1) að Hafnarbraut og Hafnarbraut að bryggju.

Skagaströnd:

Skagastrandarvegur (74) frá vegamótum austan við félagsheimili, um Fells-
braut, Strandgötu og Skagastrandarveg (74) um 150 m norður fyrir gatnamót Banka-
strætis.

Sauðárkrókur:

Skagavegur (745) frá mjólkursamlagi við Sauðárkróksbraut (75) um Skagfirð-
ingabraut, Aðalgötu og Eyrarveg norður fyrir frystihús. Sauðárkróksbraut, Aðalgötu
og Eyrarveg norður fyrir frystihús. Sauðárkróksbraut (75) frá mjólkursamlagi um
Hegrabraut að NV horni flugvallar.

Hofsós:

Skólagata frá Siglufjarðarvegi (76) að Suðurbraut og Suðurbraut frá Austur-
götu að nyrðri (vestari) hafnargarði.

Siglufjörður:

Siglufjarðarvegur (76) frá Dalbæ um Hvanneyrarbraut, Túngötu, Aðalgötu, Gránu-
götu og Tjarnarbraut að höfn. Lækjargata milli Gránugötu og Aðalgötu. Norðurgata
frá Gránugötu að Öldubríót.

Ólafsfjörður:

Ólafsfjarðarvegur (82) frá vegamótum við fyrirhugaða bensinstöð um Aðalgötu
að brú á Ólafsfjarðará, ásamt álmu að hafnargarði. Ólafsfjarðarvegur eystri (802)
um Ægisgötu frá Aðalgötu að gatnamótum við Bylgjubýggð.

Dalvík:

Ólafsfjarðarvegur (82) frá gatnamótum sunnan barnaskóla um Skíðabraut að
Hafnarbraut, Hafnarbraut frá Skíðabraut að Karls-Rauða-torgi, Gunnarsbraut frá
Karls-Rauða-torgi að brú á Brimnesi og Karls-Rauða-torg frá Hafnarbraut að bryggju.

Hrísey:

Norðurvegur frá gatnamótum 180 m norðan Sólvallagötu að Brekkugötu og álma
um Hafnargötu að höfn.

Akureyri:

Norðurlandsvegur (1) frá tengibraut um Hlíðarhverfi II (Hlíðarbraut) um Hörg-
árbraut, Glerárgötu og veg skv. skipulagi austan Skipagötu og Hafnarstrætis að
vegi, er liggur til vesturs um Búðagil skv. skipulagi.

Grenivík:

Ægissíða frá Grenivíkurvegi við Sunnuhvol að gamla útibúi KEA og tengingu
frá Grenivíkurvegi við Sunnuhvol að bryggju við frystihús.

Húsavík:

Norðausturvegur (85) gegnum Húsavík um Stangarbakka frá tengingu inn á iðnaðarsvæði í Hauksmýri (sunnan sláturhúss K. Þ.) að Héðinsbraut og Héðinsbraut frá Stangarbakka að Baldursbrekku.

Reykjahlíð:

Hlíðarvegur frá Norðurlandsvegi (1) að Múlavegi.

Raufarhöfn:

Norðausturvegur (85) gegnum kauptúnið og álma að höfn, þ. e. Sléttubraut frá gamla barnaskólanum að Aðalbraut. Aðalbraut frá Sléttubraut að Bæjarhálsi og Hafnarbraut frá Aðalbraut að bryggju.

Þórshöfn:

Langanesvegur (869) í gegnum kauptúnið ásamt álmu að höfn, þ. e. Fjarðarvegur frá Norðausturvegi (85) að Langanesvegi, Langanesvegur frá Fjarðarvegi að hreppamörkum við oliústöð og Hafnarvegur frá Langanesvegi að bryggju.

Vopnafjörður:

Norðausturvegur (85) gegnum kauptúnið með álmu að höfn, þ. e. Hamrahlíð frá syðsta húsi að Miðbraut. Miðbraut frá Hamrahlíð að Kolbeinsgötu, Kolbeinsgata frá Hafnarbyggð suður fyrir hús nr. 64 og Hafnarbyggð frá Kolbeinsgötu að bryggju neðan Kaupfélags.

Egilsstaðir:

Norðfjarðarvegur (92) frá Austurlandsvegi (1) að tengingu verkstæðishúss Brúnáss. Tjarnarbraut frá Norðfjarðarvegi (92) að gatnamótum Árskóga, Skógarlönd frá Tjarnarbraut að Árskógum, Árskógar frá Skógarlöndum að Ártröð. Kaupvangur frá Norðfjarðarvegi (92).

Seyðisfjörður:

Seyðisfjarðarvegur (93) frá kirkjugarði um Vesturveg að vegamótum Vestdalseyraryegar og Hánefsstaðavegar. Vestdalseyraryvegur (951) um Ránargötu að götu að Vélsmiðjunni Stál. Hánefsstaðavegur um Austurveg að Hafnargötu og Hafnargötu frá Austurvegi að Flísarhúsalæk utan og ofan Norðursíldar.

Neskaupstaður:

Norðfjarðarvegur (92) frá vegi að nýju hafnarsvæði um Strandgötu, Hafnarbraut og Egilsbraut að gatnamótum Eyrargötu.

Eskifjörður:

Norðfjarðarvegur (92) frá Bleiksárbrú um Strandgötu upp Botnabraut að gatnamótum við Hátún. Helgustaðavegur (954) frá mótum Strandgötu og Botnabrautar um Strandgötu að hreppamörkum á Mjóeyri.

Reyðarfjörður:

Norðfjarðarvegur (92) frá Kviagilslæk um Aðalgötu að læk við Neðri-Bakka. Hafnargata frá Aðalgötu að höfn og Strandgata frá Hafnargötu vestur fyrir hús Kaupfélags Héraðsbúa og þaðan til norðurs að Aðalgötu.

Fáskrúðsfjörður:

Suðurfjarðarvegur (96) frá hreppamörkum við Heiði um Búðaveg að Hafnargötu. Hafnargata. Búðarvegur frá Hafnargötu að Búðalæk.

Stöðvarfjörður:

Suðurfjarðarvegur (96) frá ristahliði við Sellæk að gatnamótum 100 m norðaustan við Sólhól.

Breiðdalsvík:

Breiðdalsvíkurvegur (97) frá gatnamótum við Kolluhraun (400 m norðan kaupfélags) að gatnamótum við kaupfélag og Hafnarbraut að Hafnargarði.

Djúpivogur:

Djúpavogsvegur (98) frá mörkum 250 m sunnan prestseturs framhá kirkju að höfn með álmu að síldarbræðslu nyrst við Gleiðuvík.

Höfn í Hornafirði:

Hafnarvegur (99) frá gatnamótum Vesturbrautar að gatnamótum Víkurbrautar. Víkurbraut frá hóteli að bryggju í Álagarey.

2. gr.

Um framkvæmdir við lagningu og viðhald þjóðvega samkvæmt 1. gr., svo og greiðslu kostnaðar, skal farið samkvæmt 2.—9. gr. reglugerða um ríkisframlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum nr. 257/1964.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vegalögum nr. 6 25. mars 1977, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni, nr. 123 28. febrúar 1978.

Samgönguráðuneytið, 27. ágúst 1979.

Ragnar Arnalds.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Borgarness, nr. 147 4. mars 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 21.00 á brúttórúmllest.
- b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 10.50 á brúttórúmllest.
- c. Innland fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 21.00 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d. Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 400.00 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 7 000.00.